

Stjórnarfundur nr. 12
10. febrúar 2010 kl.17:00 á skrifstofu HRFÍ

Mættir: Auður Sif Sigurgeirsdóttir, Björn Ólafsson, Guðríður Valgeirsdóttir, Jóna Th. Viðarsdóttir, Margrét Kjartansdóttir og Valgerður Júlíusdóttir.
Friðrik L. Gestsson mætti kl.17:30.

1. Alþjóðleg hundasýning og augnskoðun 27. -28. febrúar 2010

Alþjóðleg hundasýning Hundaræktarfélags Íslands fer fram helgina 27. - 28. febrúar 2010 í Reiðhöll Fáks í Víðidal í Reykjavík.
Metskráning, tæplega 870 hundar skráðir.

Augnskoðun

Áætlað að fá dýralæknana Finn Bøserup og Jens Knudsen frá Danmörku augnskoða hunda í Reiðhöllinni í Víðidal dagana 27. og 28. febrúar, í tengslum við alþjóðlega hundasýningu félagsins. Skráning í augnskoðun er minni en áætlað var og því getur farið svo að aðeins einn dýralæknir komi. Málið verður endurskoðað í kringum 19. febrúar. Nú eru alls skráðir 76. Valgerður hefur verið í sambandi við Finn.

2. Spanieldeild– tölvupóstur 8. febrúar 2010:

Til stjórnar HRFÍ

Á stjórnarfundum Spanieldeildar dags 23. nóvember 2009 var ákveðið að óska eftir að gildistími augnvottorða á Am.Cocker Spaniel undaneldishunda verði lengdur úr 12 mánuðum í 25 mánuði frá og með 01.03.10

Fyrir hönd Spanieldeildar, Guðrún Jónína Gunnlaugsdóttir

Óska eftir rökstuðningi fyrir þessari breytingu.

A-2342

3. Sýningarstjórn – tölvupóstur 27.janúar 2010:

Ágæta stjórn HRFÍ,

Á fundi sýningstjórnar þann 26. janúar 2010 var samþykkt að leggja til við stjórn HRFÍ að hún útskrifi eftirtalda aðila sem hringstjóra á hundasýningum félagsins:

Sóleyju Höllu Möller
Helgu Andrésdóttur
Helgu Þórðardóttur
Herdísi Hallmarsdóttur

Með bestu kveðju, f.h. sýningstjórnar Valgerður Júlíusdóttir

Samþykkt.

A-2343

Svarbréf til sýningastjórnar:

Til sýningastjórnar Hundaræktarfélags Íslands

Á stjórnarfundum Hundaræktarfélags Íslands þann 10. febrúar samþykkti stjórn útskrift neðangreinda aðila sem hringstjóra á hundasýningum félagsins:

Sóley Halla Möller
Helga Andrésdóttir
Helga Þórðardóttir
Herdís Hallmarsdóttir

Framkvæmdastjóri og formaður Hundaræktarfélags Íslands mun sjá um útskrift hringstjóra.

4. Shih Tzudeild – tölvupóstur 27. janúar 2010

Að gefnu tilefni óskar Stjórn Shih Tzu deildar hér með, að eftirfarandi kröfur verða gerðar vegna skráningu hvolpa í ættbók:

Undaneldisdýr verði augnskoðuð með tilliti til PRA. Vottorð ekki eldri en 13 mánaða niðurstöður skulu vera til staðar fyrir pörun. Óheimilt er að para hund sem greinst hefur með PRA. Greinist hundur með PRA fást hvolpar undan honum ekki skráðir í ættbók nema fyrir liggja DNA próf.

Ákvörðun þessi var tekin á síðasta stjórnarfundum Shih Tzu Deildar þann 10.01.2010

f.h. Stjórn Shih Tzu deildar

Soffia Kwaszenko

Heilbrigðiskröfur fyrir shih tzu hunda verður eftirfarandi:

Shih tzu

Augnvottorð: Vottorð má ekki vera eldra en 13 mánaða við pörun.

Samþykkt

A-2343

Svarbréf:

Til stjórnar shih tzudeildar
Soffia Kwaszenko

Á stjórnarfundum Hundarættarfélag Íslands þann 10. febrúar samþykkti stjórn eftirfarandi heilbrigðiskröfur fyrir shih tzu hunda:

Shih tzu

Augnvottorð: Vottorð má ekki vera eldra en 13 mánaða við pörun. (Gildir frá 1. júní 2010).

Vinsamlegast auglýsið á vefsíðu deildarinnar.

Með bestu kveðju,
f.h. stjórnar Hundarættarfélag Íslands

Valgerður Júlíusdóttir, ritari

5. Aðalfundur deilda

Mjóhundadeild var með aðalfund laugardaginn 6. febrúar n.k. kl 14:00 í Sólheimakoti.

6. Vinnuhundadeild – tillögur að vinnuprófum

Prófaskipan og dómara fyrir árið 2010

Brons	16. janúar	Sigríður Bílddal
Hlýðni I	6. febrúar	Albert
Brons	6. mars	Valgerður
Spor	3. apríl	Albert
Spor	8. maí	Albert
Brons	15. maí	Björn
Hlýðni I	5. júní	Monika
Spor II	1. september	Albert
Hlýðni II	11. september	Albert
Brons	6. október	Sigríður
Spor	9. október	Albert
Brons	6. nóvember	Monika

Fyrir Schnauzerdeild:

Bronspróf þann 4. ágúst
Spor þann 7. ágúst.
Fyrir Svæðafélag Norðurlands:
Bronspróf 7. mars.

Samþykkt að boða alla þá sem dæma á vinnuþrófum vinnuhundadeildar með stjórn HRFÍ miðvikudaginn 17. febrúar kl.17:00. Í framhaldi af fundinum að boða alla þá sem hafa réttindi hjá félaginu til að dæma á vinnuþrófum HRFÍ.

Dagskráin er samþykkt svo framarlega sem það skarast ekki á aðra viðburði félagsins. Hlýðni 1 þann 5. júní skarast á við hundasýningu HRFÍ.

Verði tap á bronsprófi fyrir Svæðafélag Norðurlands verður svæðafélagið að leggja út fyrir því.

Svarbréf:

A-2344

Til stjórnar vinnuhundadeildar
Albert Steingrímsson, formaður

Á stjórnarfundi Hundaræktarfélags Íslands þann 10. febrúar samþykkti stjórn dagskrá vinnuhundadeildar nema þau próf sem skrarast á við aðra viðburði félagsins. Stjórn HRFÍ samþykkir því ekki hlýðniþróf 1 sem er á dagskrá þann 5. júní vegna hundasýningu félagsins. Verði tap á bronsprófi fyrir Svæðafélag Norðurlands verður svæðafélagið að leggja út fyrir þeim kostnaði.

7. Umsókn um stofnun Yorkshire Terrier deildar

A-2344a

Bréf frá stjórn terrierdeildar vegna hugmynda um stofnun yorkshire terrierdeildar

„Stjórn terrierdeildar hefur frétt af því að hugmyndir hafi vaknað um stofnun sérstakrar yorkshire terrierdeildar. Höfum við orðið vör við mjög skiptar skoðanir um þetta bæði hjá Yorka eigendum og ræktendum. Teljum við að stofnun yorkshire terrierdeildar væri hvorki terrierdeildinni né verðandi yorkshire terrierdeild til hagsbóta á þessum tímamarki.

Virðingarfyllt, stjórn terrierdeildar”

Bréf frá yorkshireterrier eigendum 19. janúar 2010

„Til stjórnar Hundaræktarfélags Íslands.

Við undirritaðir yorkshire terrier eigendur og ræktendur viljum ekki taka þátt í að stofnuð verði sérdeild fyrir Yorkshire Terrier.

Þegar Yorkshire Terrier deildin var lögð niður á sínum tíma og fór að starfa undir Terrierdeild ásamt hinum terrier tegundunum fór yorkshire terrier tegundin að dafna. T.d. voru þá u.þ.b 1-3 hundar á sýningum en í dag eru u.þ.b 18-20 hundar að mæta á sýningar. Mikið af öðru góðu starfi hefur verið unnið innan Terrier deildar og margt á döfni.

Það eru leiðindi á milli eigenda yorkshire terrier og teljum við að ef þessi deild yrði stofnuð yrði það til þess að tegundin okkar hætti að blómstra eins og hún hefur gert undanfarin ár í Terrierdeild. Ef rétt hefði verið haldi á spilunum hefði þurft að koma yorkshire terrier eigendum saman í góðan hóp áður en í starfsemi deildar yrði farið.

Við skiljum ekki rökin fyrir nýrri deild fyrir yorkshire terrier og viljum alls ekki verða sett í sér Yorkshire Terrier deild.

Með vinsemd og virðingu.

Klara Guðrún Hafsteinsdóttir, Sigrún Gréta Einarsdóttir, Þórarinn Pálsson, Elísabet Kristjánsdóttir Guðbjörg Ólafsdóttir”

A-2345

Tekið var fyrir umsókn um stofnun yorkshire terrierdeildar. Stjórn Hundaræktarfélags Íslands telur að upplýsingar í umsókninni uppfylli lög HRFÍ samkvæmt 21. gr. í VII. kafla undir Ræktunardeildir.

Stjórn HRFÍ sendir umsókn um stofnun deildarinnar til vísindaráðs.

8. Önnur mál

- Fulltrúaráðsfundur stefnt að hafa hann 3. mars.

Dagskrá:

NKU vísindaráðsfundargerð

NKU fundargerð frá fundi í Kaupmannahöfn þann 13. janúar.

Upplýsingar frá skrifstofu

- Aðalfundur stefna að því að hafa hann miðvikudaginn 5. maí – setja auglýsingu í næsta Sám
- Setja tilkynningu á vefsíðu um framboðsfrest í stjórnarkjöri HRFÍ
- Statistics til FCI vegna 2009 **A-2345**
- Sólheimakot- Hulda Jónasdóttir gaf HRFÍ nýtt wc sem var sett upp sl. föstudag.

9. Næsti stjórnarfundur verður miðvikudaginn 17. desember

Fundi slitið,

Valgerður Júlíusdóttir, ritaði.